



Alþingi

Austurstræti 6-8  
150 Reykjavík

Reykholti, 9.10.2015  
1510002 IV

**Efni: Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 23. september 2015;  
frumvarp til laga um landsáætlun og uppbyggingu innviða til verndar  
náttúru og menningarsögulegum minjum (133. mál).**

Byggðráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 2. október 2015 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

**Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 23. september 2015;  
frumvarp til laga um landsáætlun og uppbyggingu innviða til verndar  
náttúru og menningarsögulegum minjum (133. mál).**

*Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um landsáætlun og uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, þingmál nr. 133.*

*Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir athugasemdir við þá grundvallar nálgun sem fram kemur í 8. og 9. grein frumvarpsins. Fjárframlög hins opinbera vegna greiðsluþátttöku vegna ferðamannaleiða, ferðamannastaða og ferðamannasvæða eru háð fjárlögum hvers árs og því ekkert í hendi með fjármögnun til lengra tíma fyrir hin ýmsu verkefni. Á hinn bóginn má skilja hlutina þannig að ef landeigandi hefur einu sinni notið einhvers fjármagns frá hinu opinbera er honum meinuð gjaldtaka vegna aðgengis um alla framtíð, en er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Að mati byggðaráðs Bláskógabyggðar er þessi nálgun æði einsleit og ekki til þess fallin að ná árangri í uppbyggingu innviða og til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þessi nálgun mun frekar ala á tortryggni og hægja á framvindu hinna ýmsu nauðsynlegu verkefna sem brýnt er að hrinda í framkvæmd.*

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2015.

Virðingarfyllst

Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar